

5. Það er skylda þeirra, er mislingasótt kunna að fá, og þeirra, er að þeim standa, að haga sjer eptir sóttvarnarfyrirmælum hjeraðslæknis, og hlíta þeim ráðstöfunum, sem hann gjörir. **61** 4. maí

B. Fyrirskipanir því til varnar, að veikin berist út úr bænum.

Reykjavík og Seltjarnarnes að Fossvogi og Elliðaám skal afkvía á þann hátt, er hjer segir:

1. Öllum er frjálst að fara inn á hið afkvíaða svæði, en út fyrir það má enginn fara, nema hann hafi skriflegt leyfi hjeraðslæknis, eða þess manns, er settur verður til þess að gefa út mislingaskirteini.
2. Slíkt skirteini verður veitt hverjum þeim, sem ekki hefir mislingasótt, og færir sönnur á, eða fullar líkur fyrir því, að hann hafi haft mislinga.
3. Við Elliðaár og í Fossvogi eru settir verðir, og er þeim fyrirskipað að hleypa engum út af hinu sóttkviáða svæði, sem ekki hefir mislingaskirteini.
4. Það er bannað at flytja nokkurn mann sjóveg af hinu afkvíaða svæði í önnur byggðarlög, nema þá eina, semt sýnt geta mislingaskirteini.
5. Það skal itrekað, að mislingaskirteini er því að eins gilt, að það sje útgefið af hjeraðslækni eða þeim manni, er honnum verður settur til aðstoðar.

Brot gegn þessum fyrirskipunum varða sektum eða fangelsi samkv. 14. gr. laga 31. jan. 1896, eða betrunarhúsvinnu samkv. 293. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869.

Í stjórnarráð Íslands, 4. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

Aths. Aðstoðarmaður hjeraðslæknis, sá er getur um að framan, er lækna skólalærisveinn Sigurmundur Sigurðsson. Mislingaskirteini eru afgreidd í Melstedshúsi (við Lækjartorg) frá kl. 8 árdegis til kl. 8 síðdegis hvern virkan dag.

Auglýsing,

er fellir úr gildi auglýsingu frá stjórnarráði Íslands 3. maí 1905 um rádstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga, og að nokkru leyti auglýsing stjórnarráðsins um sama efni frá 4. s. m.

62

2. júní

Auglýsing frá stjórnarráði Íslands 3. f. m. um rádstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga er felld úr gildi.

Sömuleiðis er felld úr gildi auglýsing stjórnarráðsins um sama efni frá

62 4. s. m., staflíður A: að því er snertir fyrirskipanir þær, er miða að því að hepta 2. júní útbreiðslu veikinnar innan Reykjavíkurbæjar og á Seltjarnarnesi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 2. júní 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

63

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Landsbókasafnsins 1904.

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1903:		
a. Bankavaxtabrjef	kr. 7900 00	
b. Í Landsbankanum	— 35 81	
c. Í sjóði hjá fjehirði	— 12 07	
		kr. 7947 88
2. Vextir:		
a. Af 1400 kr. í bankavaxtabrjefum til $\frac{2}{1}$ '04	kr. 31 50	
b. Af 7900 kr. í bankavaxtabrjefum til $\frac{1}{7}$ '04	— 177 75	
c. Af peningum í sparisjóði Landsbankans til $\frac{31}{12}$ '04	— 87 12	
		— 296 37
3. Styrkur úr landssjóði:		
a. Til að kaupa bækur og handrit	kr. 5000 00	
b. Til bókbands	— 1000 00	
c. Til samningar spjaldskrár (eptir reikningi)	— 1200 00	
d. Fyrir afskriftir (eptir reikningi)	— 800 00	
e. Til að prenta ritaukaskrár	— 200 00	
f. Til eldiviðar og áhalda m. m.	— 500 00	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	— 360 00	
		— 9060 00
4. Borgað bankavaxtabrjef B 151	— 500 00	
5. Fengin bankavaxtabrjef sbr. gjaldl. 6 (nafnverð)	— 700 00	
		kr. 18504 25

Gjöld.

1. a. Til að kaupa bækur	kr. 2008 84
b. Til að kaupa handrit	— 3032 88
	flyt kr. 5041 72